# ENDURKOMA

MARGRET OLAFSDOTTIR




2. Þá samviskunnar heyrði ég hörkulegan róm;
"Já hérna sérðu fortíð þína´á sveimi".
I: Hún felldi þarna yfir mér iðjuleysis dóm,
ég óskaði að hverfa burt úr heimi. :I

3. Er sýnir þessar hurfu - til himins augu mín
ég hóf, í bæn til æðri máttarvalda.
I: Þá sá ég bjarta stjörnu sem stýrði mér til þín,
er stöfum hennar fylgdi, um nóttu kalda. :I

4. Því áður en ég vissi, ég veröld þína fann,
þú veittir mér af þínum ástarbrunni.
I: Úr glefsunum af sjálfum mér þú gerðir nýjan mann
sem gæfuveginn loksins rata kunni. :I

5. Og núna glaður lofa ég lífsins ævikjör,
og lít til himins þakklátur og feginn.
I: Því þar er lítil stjarna sem stýrði minni för
er stefnulaus ég reikaði um veginn. :I